

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Þorlákshöfn



Dags eftirlits	11.12.2013	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson	
Fyrirtæki	Olíudreifing	Fulltrúi UST		
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið	
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía	
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	383366,97	374634,363

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust við eftirlit. Engar athugasemdir voru gerðar við stöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Við komuna til Þorlákshafnar var farið yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók stöðvarinnar, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Rekstrarhandbók og skráningar á mánaðarblöð voru í góðu lagi.

Frárennsli olíuskilju í stöðinni var mælt með olíuprófi Macherey Nagel og stóðst frárennslið það próf. Bráðabirðaviðgerð sem fólst í því að hækka útfall úr olíuskiljunni er að hafa tilskilin áhrif og telst frávik frá síðasta ári því leiðrétt. Líklegt er að frárennsli bakkist upp í lögnum vegna of lítills vatnshalla í fráveitulögnum og verður olíuskiljan grafin upp í vor og þá fer fram fullnaðarviðgerð. Olíuskiljan var síðast þjónustuð sumarið 2013.

Þrýstiprófanir hafa borist á árinu (2013) vegna fjögurra lagna í stöðinni og báðir geymar stöðvarinnar hafa verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum (2010).

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Gengið var um stöðina, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þró) og olíuskilja. Tekið var á loka í frárennsli þróar og reyndist lokinn standa lokaður eins og áskilið er. Áfyllingarplan var svo og skoðað.

Girðingar og hlið voru í lagi.

ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar við stöðina.

ANNAÐ

Úrbótaáætlun frá síðasta ári miðar að því að fullnaðarviðgerð á frárennsli stöðvarinnar fari fram í vor.

Reykjavík, 16.12.2013

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.